



Hafnarfjarðarkaupstaður
Sent á: skipulagsgatt@skipulagsgatt.is

Reykjavík, 30. júní 2024

Efni: Athugasemdir Landverndar - Stækkun hafnar í Straumsvík

Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn áforma að stækka Straumsvíkurhöfn. Landvernd hefur kynnt sér efni máls og telur að áformin mættu hafa mun skýrari markmið því framkvæmdin er stór. Má þar nefna telja óljósar upplýsingar hver í raun ætlar að standa straum af kostnaði við framkvæmdina sem og virðist heldur ekki liggja skýrt fyrir hverjir ætla að nýta áformaða hafnaraðstöðu. Áform um niðurdælingu á koltvísýringi í Hafnarfjarðarhraun með aðkomu Carbfix virðist þó vera að verulegu leyti hluti af röksemdum á stækkun á hafnarinnar við Straumsvík en verkefni það er einnig í samráði um þessar mundir á skipulagsgáttinni.

Sambætting áætlana

Landvernd er þeirrar skoðunar að ef stækkun hafnarinnar sé ætlaður fyrir Carbfix þá sé eðlilegt að sambætta og leggja sameiginlegt mat á heildaráhrif vegna stækkun hafnarinnar svo og annað umfang sem liggur til grundvallar í aðskildri umsögn sem er Coda Terminal. Eðlilegt verlag væri að allt umfang verkefnisins aðstöðusköpun og vinnsla og niðurdæling koltvísýrings auk gríðarlegrar efnistöku væri vegið saman. Umhverfismat – efnistaka, umferð og fl.

Efnisþörf framkvæmda vegna landfyllingar fyrir lóð Carbfix um 2.060.000 m³ ásamt byggingu viðlegubakka fyrir gasskip fyrir starfsemi Carbfix mun hafa mikil umhverfisáhrif. Mikið rask verði á vernduðu nútímahrauni. Rauðamelsnáma mun vegna fyrirhugaðra framkvæmda hafa miklar breytingar í för með sér á landslagi og því hafa mikil sjónræn neikvæð áhrif á viðkvæmu svæði. Mikilvægt er að þessi einstaki þáttur verði veginn sérstaklega með hliðsjón af náttúruverndarlögum vegna jarðminja og nútímahrauns. Þá til viðbótar verður sótt um 130.000 m³ af bögglabergi í Vatnskarðsnámu og einnig verður efni sótt úr námum úr sjó, t.d. úr Faxaflóa, Hvalfirði og/eða Kollafirði. Æskilegt væri að gera kröfu á frekari rannsóknir og heildstæðs umhverfismats hvað varðar allar þessar námur og leita sérstakra leyfa um efnistöku úr sjó.

Fram kemur að það séu ríkir samfélaglegir hagsmunir undir sem styrki innviði sem vega munu upp þau neikvæðu áhrif sem verða vegna aukins rasks á eldhrauni vegna efnistöku. Landvernd spyr hvort hinir samfélagslegu hagsmunir krefjist hafnar af þessari stærðargráðu eða hvort ávinnings væri hægt að ná með höfn í smærri sniðum? Má þar nefna að áfangar verkefnisins hafa mismunandi markmið og því mismunandi hagsmunir að leiðarljósi.

Þá þarf að leggja sérstakt mat á umferðarpunga vegna efnisflutninga og mögulegar afleiðingar vegna þess á umferðaræðar, hávaðamengunar og aðra þætti sem af svo miklum efnisflutningum stafar.

Að síðustu þarf að gera þá sjálfsögðu kröfu á framkvæmdaðila að lagt verði sérstakt mat á losun CO₂ vegna framkvæmdanna í heild sinni – meðal annars mat á losun vegna efnistöku, umferðar þungaflutningabíla og framkvæmdanna sjálfra við stækkun hafnarinnar.

Að lokum

Landvernd heldur áfram að fylgjast með gangi mála og lesa saman þær mörgu áætlanir sem settar eru fram sem ættu alltaf að vera skoðaðar með tilliti til heildaráhrifa allra samhangandi verkefna og hvetur þau verkefni sem um ræðir að fjalla um þau samleggðaráhrif sem verkefni hafa.

Virðingarfyllst,

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir
Formaður Landverndar*